



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**562. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 11. ágúst 2023
og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Málafni fatlaðra - fjármögnun málaflokks - 2207001

Áframhaldandi umræða frá 561. fundi stjórnar SSH um um fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og rekstrarafkomu hennar hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu auk stöðu viðræðna við ríkið um fjármögnun vegna þessa málaflokks.

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkir eftirfarandi bókun:

"Vanfjármögnun þegar kemur að þjónustu við fatlað fólk er mikið áhyggjuefni. Samkvæmt fyrirbyggjandi greiningu SSH hefur málaflokkurinn verið vanfjármagnaður af hendi ríkisins um 42 milljarða kr. hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2018-2022 og hefur bilið milli fjármögnunar og kostnaðar farið vaxandi ár frá ári. Augljóst er að vanfjármögnunin hefur þung áhrif á fjárhag sveitarfélaganna. Því leggjur stjórn SSH ríka áherslu á nauðsyn þess að fá fjárhagslega leiðréttingu frá ríkinu til að standa undir útgjöldum sveitarfélaga vegna aukinna krafna í löggjöf og reglum um hærra þjónustustig. Viðræður sveitarfélaganna og ríkisins um fjármögnun málaflokksins eru yfirstandandi en hafa tekið allt of langan tíma. Leggjur stjórn SSH áherslu á að þeim viðræðum ljúki sem fyrst svo vanfjármögnunin hafi ekki frekari áhrif á fjárhag sveitarfélaganna.

Í sveitarstjórnarlögum er lögð sú skylda á ríkið að kostnaðarmeta þau verkefni sem sveitarfélögum er falið að sinna með lögum enda megi ætla að um fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin verði að ræða. Þjónustan innan þessa mikilvæga málaflokks er stórlega vanfjármögnuð af hálfu ríkisins og hefur slæm áhrif á sjálfbærni sveitarfélaganna í rekstri. Ljóst er að lítill ávinningur er af því fyrir ríkið og samfélagið í heild að sveitarfélög reki verkefni með halla eða taki að sér verkefni sem ekki eru fjármögnuð."

Framkvæmdastjóra SSH er falið að rita bréf til ráðherra þar sem farið verði fram á samtal um fjármögnun málaflokksins hið fyrsta. Þá er formanni stjórnar og framkvæmdastjóra falið að funda með hagsmunasamtökum fatlaðs fólks vegna



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

málsins. Enn fremur er framkvæmdastjóra falið að vinna minnisblað um kostnað og fjármögnun vegna reksturs málaflokksins á tímabilinu 2018 til 2022 og senda borgarráði og bæjarráðum.

2. Umsagnir þingmála - 1910005

Á 560. fundi stjórnar SSH var framkvæmdastjóra falið að vinna umsögn um drög að samgönguáætlun. Umsögn SSH um tillögu að þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 var send hinn 21. júlí sl. og er fyrirbyggjandi.

Nú eru til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda áform um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum (tímabundnar uppbyggingarheimildir), hvítbók um húsnæðismál - drög að húsnæðisstefnu til fimmtán ára og aðgerðaáætlun til fimm ára, og grænbók um skipulagsmál.

Fyrirliggjandi eru drög að umsögn SSH um áform um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum en umsagnarfrestur er til 18. ágúst nk. Er lagt til að umsögn á grundvelli draganna verði send og þá verði svæðisskipulagsstjóra falið að vinna umsagnir við hvítbók og grænbók til samræmis við þau sjónarmið sem fram koma í fyrirbyggjandi tillögum um afgreiðslu málsins.

Niðurstaða:

Samþykkt

3. Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur - 1501007

Á 560. fundi stjórnar var ákveðið að leita eftir tillögum Samráðshóps á sviði velferðarmála um fulltrúa SSH í stjórn Fjölsmiðjunnar, en SSH tilnefna einn aðalmann og einn til vara. Samkvæmt fyrirbyggjandi tölvupósti dags. 9. ágúst 2023 gerir samráðshópurinn tillögu um að Sigurbjörg Fjölnisdóttir framkvæmdastjóri velferðarsviðs Mosfellsbæjar verði tilnefnd sem aðalmaður og Elín Oddný Sigurðardóttir sem varamaður í stjórn Fjölsmiðjunnar.

Niðurstaða:

Skrifstofu SSH er falið að senda tilnefningar samkvæmt framansögðu fyrir aðalfund Fjölsmiðjunnar sem er fyrirhugaður 18. ágúst nk.

Samþykkt

4. Svæðisbundið samráð í þágu farsældar barna - 2306006

Á 560. fundi stjórnar var tekin til meðferðar beiðni mennta- og barnamálaráðuneytisins dags. 22. júní 2023, um umsagnir landshlutasamtaka sveitarfélaga um svæðisbundið samráð sveitarfélaga í þágu farsældar barna (svæðisbundin farsældarráð) en sérstaklega var farið fram á umsögn um mat landshlutasamtaka á því hvernig hægt væri að haga uppbyggingu skólaþjónustusvæða, en þau eru til skoðunar í tengslum við gerð frumvarps til laga um skólaþjónustu sem er í undirbúningi hjá ráðuneytinu.

Erindið var sent skólamálanefnd SSH, og afrit á Samstarfshóp á sviði velferðarmála, og óskað eftir afstöðu, athugasemdum og efni vegna umsagnar SSH um framangreint.

Samkvæmt tölvupósti Sigurbjargar Fjölnisdóttur, dags. 10. ágúst 2023, var



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

erindið tekið fyrir á fundi hinn 9. ágúst sl. og bókað um það í fundargerð.

Niðurstaða:

Frekari umræðu er frestað til næsta reglulega fundar stjórnar SSH þar sem fram fari kynning á málinu.

5. Önnur mál - 2110011

1. Eigendafundir Sorpu bs. og Strætó bs. verða haldnir mánudaginn 4. september.
2. Loftslagsstefna höfuðborgarsvæðisins undirrituð.

Niðurstaða:

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:00.